


Nýtt útlit INNU



The screenshot shows the INNU website interface. At the top, there is a navigation menu with the following items: 'Stundatafla', 'Áfangar', and 'Námið'. A red arrow points to 'Námið'. Below the navigation menu, there are several sections: 'Stundatafla' (timetable), 'Nýjar fjarvistir' (new remote lessons), 'Tilkynningar' (notifications), and 'Áfangar' (courses). The 'Áfangar' section shows a list of courses with columns for course name and ID.

Salsaball

Á morgun, fimmtudaginn 3. nóv. heldur nemendafélagið hið vinsæla **Salsaball** á SPOT. Ekkert er til sparað af hálfu nemendafélagsins og hefur skreytinganefndin skreytt skólann í tilefni þessa. Dansleikurinn er nemendum mikið tilhlökkunarefni og sjá má vel útitækna nemendur á göngum skólans. Starfsmenn skólans ásamt gæslumönnum verða til eftirlits á ballinu.

Við hvetjum foreldra til að fylgjast grannt með og leyfa ekki eftirlitslaus samkvæmi í heimahúsum. Við minnum á að við samþykkjum ekki drykkju á skólaböllum en nemendur koma stundum undir áhrifum til okkar á dansleiki.

Rútuferðir eftir ballið:

Eftir ballið eru rútur fyrir nemendur. Leiðin er sem hér segir:
Álftanesrúta : Frá Spot, Fífuhvamsveg, Arnarnesveg, stoppa í strætóskýli á Arnarnesbrú, Hafnarfjarðarvegur, stoppa við Hagkaup, Vífilstaðarvegur, Hnoðraholtbraut, Álftanesvegur

Hafnarfjarðarrúta: Frá Spot, Reykjanesbraut, beygja til vinstri Lækjargata, Fjarðargata, stoppa í miðbænum, Reykjavíkurvegur, Hafnarfjarðarvegur, Stoppa við Hagkaup, Bæjarbraut, stoppa í FG

Garðabæjarrúta: Frá Spot, Arnarnesveg, Bæjarbrautin, stoppa hjá FG, stoppa hjá Hagkaup, keyra Hafnarfjarðarveg, stoppa hjá göngubrúnni (Keyra í Miðbæ Hafnarfjarðar.)

SÍMAKASSINN

Nemendum stendur til boða að geyma síma sína í þar til gerðum kassa á meðan á kennslu stendur. Misjafnt er hve mikið nemendur nota kassana, en menn eru sammála um að tilkoma þeirra hefur fengið nemendur til að hugsa meira um það að eins frábærir og snjallsímar geta verið þá geta þeir líka haft truflandi áhrif.

Viðmótið í INNU hefur breyst. Ég vek athygli ykkar á því að nú eru kennarar búnir að skrá inn miðannarmatið. Það finnið þið með því að smella á flipann Námið. Vel fer á því að fara yfir miðannarmatið með nemendum, hrósa þeim fyrir það sem vel er gert og hvetja þá til að bæta sig ef útkoman er ekki ásættanleg.

Nemendur eru þessa dagana að velja áfanga fyrir næstu önn og um leið að sækja um skólavist. Þetta virðist ganga betur í þessu nýja umhverfi. Athugið að heimavinna nemenda er ekki skráð í INNU heldur á Námsnetið.

FRÆÐSLUFUNDUR

á vegum foreldraráðs er fyrirhugaður í nóvembermánuði.
[NÁNAR AUGLÝST SÍÐAR.](#)

Erlend samskipti

Nemendur skólans hafa fengið tækifæri til að taka þátt í ýmsum ferðum til annarra landa. Ferðirnar hafa verið með ýmsu sniði. Sérstakir áfangar voru á vegum þýskudeildar til Berlínar og á vegum enskudeildar til Dublin og tókust báðar ferðirnar mjög vel. Tveir hópar tóku þátt í nemendaskiptum, annars vegar tóku nemendur á móti Norðmönnum og hins vegar á móti Hollendingum. Áður höfðu nemendur heimsótt þessi lönd og hafa nú komist á skemmtileg samskipti milli nemendanna. Ég vil nota þetta tækifæri og þakka þeim forráðamönnum sem opnuðu heimili sín fyrir þessa erlendu nemendur. Það er okkur afar mikils virði að eiga svona frábæra að. Við trúum því að slíkar ferðir auki viðsýni nemenda og geri þá umburðarlyndari gagnvart öðrum þjóðfélögum.

Enn um björkvöld

Eins og kom fram í síðustu [FG-fréttum](#) þá stendur skólinn ekki fyrir björkvöldum. Nemendafélaginu er ekki heimilt að standa fyrir slíkum samkomum og ekki má auglýsa slíka uppákomur innan skólans.

Engu að síður eru þessi björkvöld haldin og afleiðingar þeirra koma inn á okkar borð. Ég hvet foreldra nemenda til að koma í veg fyrir að þeirra ungmenni fari á slíkar skemmtanir. Á slíkum kvöldum er lítið eða ekkert eftirlit og áfengi veitt þeim sem það vilja. Það vekur furðu okkar að staðarhaldarar skuli ítrekað leigja sali undir slíkar uppákomur.

Ef þið eruð í vafa um hvort atburður er á vegum skólans getið þið haft samband við skólann. Einnig er listi á heimasíðu skólans þar sem fram koma [atburðir á vegum NFFG](#).